Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit skal öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 362 1. ágúst 1975 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1978.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Höskuldur Jónsson.*

Nr. 152. 12. apríl 1978.

# GJALDSKRÁ

## yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 151/1978, skal heimilt að greiða einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari af því magni sem umfram er, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

| | | 0,375 l | 0,50 l | 0,75 l | 1,0 l |
|---|---|---|---|---|---|
| A. Áfengi: | | | | | |
| 1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar | kr. | 700 | 750 | 1 400 | 1 475 |
| 2. Íslenskar áfengistegundir | — | 1 800 | | 3 300 | |
| 3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a. | — | 2 900 | 3 100 | 4 900 | 6 100 |

B. Tóbak:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Reyktóbak | — | 3 200 | pr. tylft eða lb. |
| 2. Vindlingar | — | 2 500 | pr. karton |
| 3. Smávindlar | — | 300 | pr. 10 stk. |
| Meðalstærð | — | 800 | pr. 25 stk. |
| Vindlar aðrir | — | 1 400 | pr. 25 stk. |

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 107/1977 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1978.*

F. h. r.
**Höskuldur Jónsson.**

*Björn Hafsteinsson.*